



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Fornleifakönnun í landi Fossa í Engidal



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Júní 2014
NV nr. 6-14

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR.....	4
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	4
2.2 AÐFERÐAFRÆÐI.....	5
2.3 SKRÁ YFIR FORNLEIFAR.....	6
3. Skrá yfir fornleifar.....	6
3.1 Saga Fossa	6
3.2 Fornleifaskráning Fossum.....	7
4. Niðurstöður	8
5. Kort.....	9
6. Heimildir	10

1. INNGANGUR

Náttúrustofa Vestfjarða gerði haustið 2012 fornleifaskráningu¹ á svæði þar sem Fossárvirkjun stendur og var áður í landi Fossa. Sú skráning var gerð sökum þess að reisa á nýtt stöðvarhús og leggja nýja þrýstivatnspípu við Fossárvirkjun, sem er innarlega í Engidal við Skutulsfjörð². Gamla virkjunin var fyrst gangsett árið 1937.

Vorið 2014³ voru gerðar breytingar á staðsetningu nýs stöðvarhúss, vegslóða og legu pípunnar á stuttum kafla ofan nýs stöðvarhúss. Minjastofnun Íslands taldi að ekki væru til fullnægjandi upplýsingar um hvort minjar væri á þessu nýja svæði. Náttúrustofa Vestfjarða var því fengin til að gera viðbótarrannsókn.

Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur gerði vettvangskönnun þann 1. júní 2014 og annaðist skýrsluskrif. Númer minja eru í framhaldi af númerum í skýrslu sem kom út haustið 2012¹. Margrét sá jafnframt um skýrsluskrif.

Í skýrslunni aftast eru sýnd kort yfir þær fornminjar sem fundust við skráningu á vettvangi, bæði í rannsókninni 2012¹ og þeirri sem hér gerð grein fyrir.

Allar minjar voru mældar inn með GPS-stöð og má sjá útlínur fornminjanna og afstöðuna milli þeirra.

¹ Fornleifakönnun í Engidal við Skutulsfjörð 2012.

² Orkubú Vestfjarða 2012.

³ Orkubú Vestfjarða 2014.

2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012. segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun

umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar

komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og mældir upp með Trimble pro uppmælingatæki og þeir skráðir ISNET hnitakerfi (íslenskt hnitakerfi). Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

2.3 SKRÁNING FORNLEIFA

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr Jarðatali Johnsens frá 1847 (Foss ÍS-150- 357). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. Foss ÍS-150-001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

3. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR

3.1 SAGA FOSSA

Í Jarðabók Johnsen frá 1847 séu 13 lögbýli skráð í Eyrarhreppi, en nú sé aðeins búið á einni jörð, í Engildal. Aðrar jarðir hafi annað hvort lagst í eyði eða horfið undir Ísafjarðarbæ og Hnífsdal.

Jarðir við Skutulsfjörð eru nefndar í Landnámabók. Líklega hefur verið búið á Eyri og nefnd er Skálavík, sem hefur trúlega verið við sunnanverðan Skutulsfjörð. Einnig er talið líklegt að bú hafi verið reist snemma við annað hvort Kirkjuból eða Engildal og má jafnvel telja að þessar jarðir hafi verið komnar í byggð fyrir 1100 (Ragnar og Maher 2002, bls. 6-7).

Af þessu sést að sumar af þeim rústum er sjá má í Engidal geta verið orðnar býsna gamlar. Þegar rýnt er í jarðabækur, til dæmis Jarðabók Árna Magnússonar, má sjá að bændur í Eyrarhreppi hafi byggt afkomu sína að mestu leyti á landbúnaði, einkum sauðfjár- og kúabúskap, en fiskveiðar hafi skipt minna máli en víða annars staðar á Vestfjörðum.

3.2 FORNLEIFASKRÁNING FOSSUM

ÍS-150:019

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Matjurtargarður

Staðsetning: N620463 E310833



Staðhættir: Um 10 metra framan við **Mynd 1. Matjurtargarðar.**

Íbúðarhús, sem stendur við hlið á lóð Fossárvirkjunar eru garðlög. Garðlögin eru við hliðina á leikvelli framan við húsin.

Minjalýsing: Um er að ræða lággar grónar hleðslur sem mynda 2 reiti sem eru ílangir frá vegi og í átt að Fossá. Hleðslurnar eru um 20 cm á hæð. Nær öruggt má segja að um sé að ræða matjurtargarða frá fólki sem starfaði við virkjunina og bjó í íbúðarhúsinu. Minjarnar teljast því ekki til fornleifa og geta vart verið eldri en húsið sem þarna stendur en virkjunin var byggð árið 1936.

ÍS-150:020

Tegund: Rúst

Hlutverk: Útihús?

Staðsetning: N620397 E310841

Staðhættir: Á lóð Fossárvirkjunar er íbúðarhús, sem hefur verið fyrir starfsmenn. Aftan við þetta hús eða 20 metrar frá SV horni hússins er rúst.



Mynd 2. Svæðið þar sem útihús hefur staðið.

Minjalýsing: Rústin er töluvert gróin en þó sér í hleðslur á stöku stað. Rústin er ferhyrnd og í vestur enda hennar er rými sem er dýpra. Hugsanlega er um að ræða fjárhús með garða í miðju þar sem gróin hleðsla liggur inn í miðri rústinni. Dýpra hólfíð gæti verið líftill hlaða. Hleðslur eru hæstar um 50 cm. Rústin er 14x 10 metrar að stærð.

ÍS-150:21**Tegund:** Hleðsla**Hlutverk:** Garðlag**Staðsetning:** N620357 E310814**Staðhættir:** Beint aftan við stöðvarhús
virkjunarinnar er garðlag.

Mynd 3. Hleðsla sem sést á tveimur stöðum ofan við stöðvarhús.

Minjalýsing: Garðurinn er ekki hár og sér

aðeins í hann á tveimur stöðum, á öðrum stöðum er hann gróin. Hleðslan sést t.d vel þar sem aðfallsrör kemur niður í virkjunina og gæti verið hlaðinn eftir að sú leiðsla var gerð og myndi þá ekki teljast til fornminja.

4. NIÐURSTÖÐUR

Á svæðinu sem skoðað var fundust þrjár minjastaðir. Matjurtargarðurinn framan við íbúðarhús er að öllum líkindum ekki fornleifar en var engu að síður skráður þar sem hann er hlaðin úr grjóti. Aftan við íbúðarhúsið er líklega fjárhús, aldur er óljós.

Aftan við stöðvarhús er svo garðlag sem gæti hafa verið gerður eftir að leiðsla var sett inn í stöðvarhús þar sem hún liggur undir garðinum neðanjarðar.

Engar minjar eru í hættu vegna fyrirhugaða framkvæmda á svæðinu, hvorki þar sem nýtt stöðvarhús er fyrirhugað né þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar vegna lagningu nýrrar pípu. Hafa verður í huga staðsetningar þeirra minja sem eru á svæðinu þó þær séu ekki í hættu. Merkja þær vel ef umferð tækja verður nærri þeim. Þess ber að geta að oft sjást minjar ekki ofnajarðar og ef minjar koma í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær strax og tilkynna til Minjastofnunar Íslands.



**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**

Skýringar:
— Minjar

0 5 10 15 20 25 m

Fornleifakönnun í landi Fossa í Engidal
Mælikvarði: 1:500 Dags: 5.6.2014
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda B Albertsdóttir

6. HEIMILDIR

Margrét Hallmundsdóttir og Rúna Þráinsdóttir. Fornleifakönnun í Engidal við Skutulsfjörð. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 11-12.

Orkubú Vestfjarða ohf. 2012. Endurnýjun Fossárvirkjunar í Engidal, Ísafjarðarbæ. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu, unnin fyrir Orkubú Vestfjarða ohf. Gefin út þann 4. október 2012.

Orkubú Vestfjarða ohf. 2014. Endurnýjun Fossárvirkjunar í Engidal, Ísafjarðarbæ (breyting). Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða ohf. Teiknistofan Eik, 3. apríl 2014.

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher. 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ I. hluti :Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból. Útgefendur Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands. NVNR 8/02 Bolungarvík.